

Fundur var haldinn í stjórn Minjasafns Austurlands klukkan 15.00 að Lyngási 12, Egilsstöðum, þann 7. febrúar 2014.

Mætt til fundar voru: Sigurjón Bjarnason, Gunnhildur Ingvarsdóttir, Margrét Dögg Guðgeirsdóttir frá Fljótsdalshéraði. Þórdís Sveinsdóttir frá Fljótsdalshreppi og Kristjana Björnsdóttir frá Borgarfjarðarhreppi ásamt safnstjóra Minjasafns Austurlands, Unni Birnu Karlsdóttur. Einni voru mætt til fundar þau Björn Ingimarsson bæjarstjóri Fljótsdalshéraðs, Gunnþórunn Ingólfssdóttir oddviti Fljótsdalshrepps, Jón Þórðarson sveitarstjóri Borgarfjarðarhrepps, þá sat fundinn Óðinn Gunnar Óðinsson.

Eina dagskrármál fundarins var sala eignarhluta safnsins í Safnahúsinu að Laufskógum 1, en á liðnum mánuðum fóru fram viðræður við Fljótsdalshérað um yfirtöku eignarinnar til þess að auðvelda ákvarðanatöku um endurbætur og viðauka hússins, sem brýnt er að ráðast í hið fyrsta.

Fyrir fundinum lágu.

- a) Kaupsamningur – afsal.
- b) Samningur um afnot og leigu.
- c) Viðauki 1 við samning um afnot og leigu.

Að gögnum þessum athuguðum gerir stjórnin svofellda samþykkt:

*Samþykkt er að 53,8% eignarhluti Minjasafns Austurlands í fasteigninni Laufskógar 1, Fljótsdalshéraði, verði seldur til Fljótsdalshéraðs, samhliða því að gerður verði langtímasamningur um afnot og leigu eignarhlutans. Meginefni samninganna er að Fljótsdalshérað yfirtekur eignarhluta safnsins miðað við afhendingu um áramótin 2013/2014 og frá þeim tíma gildi langtímaleigusamningur um afnot og leigu húsnæðisins. Samningurinn kveður á um skyldu Fljótsdalshéraðs til að ráðstafa 30 milljónum til viðhalds og endurbóta á Laufskógum 1 á næstu tveimur árum samkvæmt viðhalds- og endurbótaáætlun í viðauka I við leigusamninginn.*

*Fyrirliggjandi skjöl, þ.e. kaupsamningur - afsal, og samningur um afnot og leigu ásamt fylgiskjöllum eru undirrituð á fundinum.*

*Stjórn felur safnstjóra að vera tengiliður safnsins gagnvart leigusala skv. 10. grein samnings um afnot og leigu.*

*Stjórn leggur til að sýslumaðurinn á Seyðisfirði (eða Þjóðminjavörður) gegni hlutverki samningamanns í ágreiningsmálum samkvæmt 12. grein sama samnings.*

*Staðfest er að eldri samningar um rekstur og viðhald húsnæðisins falla niður samhliða breytingu á eignarhaldi á eignarhluta safnsins í Laufskógum 1.*

Sigurjón Bjarnason formaður stjórnar undirritaði fyrir hönd Minjasafns Austurlands og Björn Ingimarsson fyrir hönd Fljótsdalshéraðs. Vottar að undirskrift voru Gunnþórunn Ingólfssdóttir og Jón Þórðarson.

Flaira ekki tekið fyrir fundi slitið kl:13.40.

Kristjana Björnsdóttir ritaði.